

Hafnarsamband Íslands

Borgartúni 30
105 Reykjavík

Akureyri, 28. apríl 2025
Tilv.2025-04-28-0409

Efni: Skráning aflaupplýsinga og strandveiðar

Fiskistofa vill vekja athygli á að með reglugerð nr. 385/2025, um breytingu á reglugerð 460/2024, um strandveiðar er hafnarstarfsmönnum gert að tengja saman aflaskráningu við það auðkenni sem kemur þegar afladagbók er skilað. Sjá eftirfarandi orðalag í 2. gr. reglugerðarinnar.

Við ákvæði 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður, sem verður 9. töluliður, svo-hljóðandi: Skráning aflaupplýsinga við strandveiðar fer fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga, nr. 307/2023. Við vigtun á hafnarvog skal löggiltur vigtarmaður tengja saman aflaskráningu við það auðkenni sem aflaupplýsingar strandveiðibáts hefur fengið með stafrænni skráningu og skilum skipstjóra úr hverri veiðiferð.

Í raun er ekki verið að breyta efnisreglum þar sem 4. gr. reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga kveður skýrt á um að skipstjóri skuli senda inn aflaupplýsingar áður en veiðiverð lýkur. Með ákvæðinu er hafnarstarfsmönnum gefið vald til að neita að skrá löndun ef ekki er búið að skila inn aflaupplýsingum þar sem ekki verður þá hægt að tengja það við auðkennisnúmer.

Eðlileg framkvæmd er að skipstjóri sendir inn aflaupplýsingar áður en lagst er að bryggju. Þá stofnast auðkenni í gaflinum sem hafnarstarfsmaður tengir aflaskráningu við. Það er það auðkenni sem hafnarstarfsmanni er gert að tengja löndun við með breyttum reglum. Því þarf afladagbók að hafa verið skilað þegar löndun hefst. Sé afladagbók ekki skilað þá er æskilegt að fara fram á skil. Að öðrum kosti geta þeir skráð athugasemdir við löndunina og skýrt frá haldbærum ástæðum vanskila (nýi GAFL). Fiskistofa áréttar að hafnarstarfsmaður getur alltaf tekið ákvörðun um vigtun þó það vanti bók



FISKISTOFA

TRAUST · FRAMSÆKNI · VIRÐING

sími 569 7900 • fax 569 7990

fiskistofa@fiskistofa.is

fiskistofa.is

Það er eitthvað um að strandveiðisjómenn skili ekki afladagbók, í einhverjum tilfellum eru haldbærar skýringar, svo sem bilun eða annað slíkt, sumir hafa tamið sér að skila að lokinni löndun og enn aðrir hafa einfaldlega neitað að skila. Innleiðing á nýju verklagi gæti í einhverjum tilfellum mætt mótstöðu skipstjóra og er Fiskistofa reiðubúin að aðstoða hafnarstarfsmenn eftir fremsta megni.

Ef eitthvað er óljóst þá er Fiskistofa reiðubúin til frekara samstarfs og veita ítarlegri upplýsingar. Með von um gott samstarf.

Erna Jónsdóttir

F.h. Fiskistofu

Erna Jónsdóttir - FISK

